

**69. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 28. ágúst 2018 og
hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður og Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi, Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083

Kynnt drög að gjaldskrá á sviði umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur umhverfisfulltrúa að gera breytingar á drögum í samræmi við umræður og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

2. Samþykkt um sorpmál - 2018080026

Kynnt drög að breytingum á samþykkt um sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

Nefndin felur umhverfisfulltrúa að afla upplýsinga um kynningarefni og leggja tillögurnar að nýju fyrir næsta fund nefndarinnar.

3. Framtíðarskipulag skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar - 2017030089

Lagt fram minnisblað Daníels Jakobssonar og Marzellíusar Sveinbjörnssonar, dagsett 27. júní sl., varðandi hönnun útivistarsvæðis í Skutulsfirði. Leggja þeir til að hafist verði handa við skipulagningu/hönnun útivistarsvæða í Skutulsfirði með áherslu á Tungudal, Seljalandsdal og heiðarnar þar fyrir ofan.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1022. fundi sínum 2. júlí sl og vísaði verkefninu til umhverfis- og framkvæmdanefndar þar sem það verði skipulagt og kostnaðarmetið.

Erindið var áður á dagskrá á 68. fundi nefndarinnar þann 10. júlí.

Formanni falið að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:50

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson